

Skýrsla Æskulýðsdeildar Fáks

Veturinn 2008–2009

Starfsár æskulýðsdeildarinnar byrjaði snemma þetta starfsárið. Fyrsti fundurinn var 20. nóvember og þar voru málin skeggrædd fyrir komandi vetur. Ákveðið var að hefja vetrarstarfið ívið fyrr en síðast liðin ár, til að nefndin hefði meira svigrúm til skipulagningar við vetrarstarfið og skráningar á námskeið.

Kynningarfundur fyrir börnin og foreldra þeirra var haldinn 9. desember. Dagskrá vetrarins var kynnt, sem og nýir og gamlir meðlimir æskulýðsdeildarinnar. Því miður var fundurinn ekki eins vel sóttur og vonast hafði verið til en þó sköpuðust skemmtilegar umræður og í heildina var hann vel heppnaður.

Knapamerkin

Þann 15. desember var skráð á Knapamerkjanámskeiðin. Í boði voru fyrsta, annað, þriðja og fjórða stig. Á fyrsta stig voru skráðir sjö unglingar, sex á annað stig, sjö á þriðja stig og fjórir á fjórða stigið. Róbert Petersen kenndi krökkunum á 3. og 4. stigi en Hrefna María Ómarsdóttir kenndi 1. og 2. stigið.

Almennu námskeiðin

Skráning á almennu námskeiðin fyrir börn á aldrinum 6-12 ára var haldin 14. janúar og var fyrsti tíminn sunnudaginn 1. febrúar. Í ár var ákveðið að lengja námskeiðin og þau látin standa yfir í 10 vikur, til þess að foreldrar gætu nýtt frístundastyrk barna sinna sem greiðslu námskeiðsgjaldsins. Á kreppuári mæltist þetta mjög vel fyrir. Reiðkennari á þessum námskeiðum var Sif Jónsdóttir og kenndi hún krökkunum einu sinni í viku í Reiðhöllinni. Gríðarleg aðsókn var á þessi námskeið og fóru málin að lokum þannig að skipta þurfti nemendum í fjóra hópa. Til að svara eftirspurn var búinn til sér hópur fyrir unglinga 12-15 ára sem ekki höfðu hug á að fara á Knapamerkjanámskeið. Róbert Petersen kenndi þessum hópi.

Æskan & hesturinn

Skráning þátttakenda á hina geysivinsælu sýningu Æskan og hesturinn fór fram í Reiðhöllinni 21. janúar. Ragnar Petersen tók að sér þjálfun eldri hópsins 13 ára og eldri, þeirra atriði hét *Útrásarvíkingarnir* og var það mjög vel heppnað. Sif Jónsdóttir þjálfaði yngri hópinn 10-12 ára, en sá hópur



sameinaðist svo stærri hópi frá hinum félögunum í atriði sem einnig tókst mjög vel. Þess má geta að Ragnar og Sif unnu frábært starf, allt í sjálfböðavinnu fyrir félagið sitt. Fánaberarnir okkar voru að þessu sinni 3 talsins, glæsilegir fulltrúar okkar félags. Grímutólt polla var á sínum stað að sjálfsögðu og voru pollar Fáks duglegir að mæta á sýninguna í glæsilegum búningum að vanda.

Nýjung í starfinu

Sú nýbreytni var í æskulýðsstarfinu í vetur að haldinn var *hestanammigerðardagur* þann 22.febrúar. Þessi hugmynd kom upp innan nefndarinnar



og fóru tveir meðlimir í það að búa til uppskrift með hentugum hráefnum í hestanamma. Þetta tókst vel og fjöldi þátttakenda var mikill og félagsheimilið hreinlega fullt út úr dyrum. Gaman var að sjá að öll fjölskyldan hafði gaman að þessu, börn, unglingar og fullorðnir. Þessi liður verður án efa á dagskrá deildarinnar næsta vetur!



Árlegt bingó deildarinnar

Fjölskyldubingó var haldið 6.apríl og er árlegur viðburður á dagatali æskulýðsdeildarinnar. Bingóið er alltaf vel sótt og mikil stemning í ungum sem öldnum að taka þátt. Mörg fyrirtæki styrktu bingóið með glæsilegum vinningum og þökkum við þeim heilshugar fyrir stuðninginn.

Óvissuferðin alltaf vinsæl

Það var kátur hópur sem lagði upp í óvissuferð frá Félagsheimili Fáks að morgni miðvikudagsins 8. apríl. Fulltrúar Æskulýðsnefndar mættu snemma um morguninn og smurðu nesti fyrir allan hópinn. Fararstjóri var Bergljót Rist.

Leiðin lá beint á Dýraspítalann að Stuðlum við Selfoss. Þar tók Sveinn Ólason dýralæknir á móti okkur. Sveinn sýndi okkur spítalann. Við fengum að sjá aðgerð, geldingu á hundi. Hundurinn hafði verið eineistungur, þ.a. annað eistað var inni búknum og dýralæknirinn þurfti þess vegna að opna hundinn til að finna eitt eista þar. Eistað sem var inni í búknum var miklu minna en hitt sem var á sínum rétta stað í pungnum. Við sáum einnig hestaspítalann og okkur var sýnt hvernig hestar eru lagðir niður á dýnu þegar gera á á þeim aðgerð. Einnig sáum við púðaherbergið þar sem hestar eru hafðir þegar þeir vakna eftir aðgerðir. Það var tekið sérlega vel á móti okkur með veitingum og vingjarnlegheitum.

Eftir heimsóknina í Stuðla fórum við að Sólheimum í Grímsnesi. Þar fengum við tækifæri til að heimsækja gróðrarstöðina Sunnu. En ræktunin þar er um margt merkileg því lífræn ræktun á Norðurlöndum á upphaf sitt að rekja til Sólheima, en á Sólheimum hófst lífræn/bíodýnamísk ræktun árið 1930. Við sáum tómata -og paprikuræktun. Þar er ákveðin tegund af flugum notuð til að halda öðrum sníkjudýrum frá grænmetinu þannig að það þarf ekki að eitra. Við gengum um svæðið á Sólheimum og þar er margt fallegt að sjá. Hópurinn naut svo dýrindis máltíðar í matsal Sólheima þar sem lífrænt ræktað grænmeti og ávextir slógu í gegn hjá Fákskrökkum. Starfsfólkið hafði varla við að bæta meiru á salat- og ávaxtabarinn.

Full af vellíðan og hollustu hélt hópurinn til Árbakka, þar sem Hulda Gústafsdóttir og Hinrik Bragason búa og reka myndarlegan hestabúgarð. Hulda og Hinrik og dóttir þeirra Edda Hrund tóku vel á móti okkur og sýndu marga kostagripa sem voru á húsi hjá þeim. Tamningakonurnar komu og sýndu okkur m.a. spænska sporið. Við skoðuðum hesthúsið, reiðhöllina og í hlöðunni máttu allir krakkarnir leika sér í böggunum. Móttökurnar voru einstaklega góðar og hér var okkur einnig boðið uppá veitingar.

Móttökur á öllum stöðum voru til hreinnar fyrirmyndar og ferðin lærdómsrík og skemmtileg fyrir alla. Fáksfélagar þakka öllum þeim góðu aðilum sem gáfu sér tíma og sýndu því áhuga að taka á móti hópnum.

Stórt mót fyrir æskulýðinn

Líflandsmót æskulýðsdeildar Fáks er orðið stærsta æskulýðsmótið sem haldið er innanhúss í hestaþróttum. Þátttakendum fjölga ár frá ári og stemningin fyrir mótinu mjög góð. Þátttandur voru alls 113 í ár. Lífland hefur í meira en áratug stutt glæsilega við bakið á æskulýðsdeild Fáks við að halda þetta mót og samstarfið verið til fyrirmyndar. Á kreppuári var ákveðið að draga úr kostnaði við mótahaldið og hafa þrjá dómara í stað fimm. Ekki voru allir ánægðir með þessa ákvörðun og fékk mótanefnd að vita af þeirri óánægju. Málið var að sjálfsögðu tekið til skoðunar innan nefndarinnar og mælir nefndin eindregið með því að framvegis dæmi fimm dómara á mótinu.

Fjölskyldureiðtúrinn

Lokahnykkurinn á æskulýðsstarfinu (þegar ekki er landsmótsár) hefur jafnan verið fjölskyldureiðtúr upp úr miðjum maí. Sökum dræmrar þátttöku í fyrra, var ákveðið að sleppa honum að þessu sinni, en reyna aftur næsta vor og fá alla fjölskylduna til að koma og ríða út saman og grilla og hafa gaman á eftir.

Unglingaklúbburinn

Nokkuð stór hópur vaskra unglunga kom að máli við æskulýðsdeildina um að styðja þau í því að stofna unglingaklúbb innan félagsins. Markmiðið með þessum klúbbi yrði að unglingar á aldrinum 14-18 ára gætu komið saman og kynnst innbyrðis og myndað hóp sem gæti staðið fyrir uppákomum eins og smalakeppnum, hindrunarstökkæfingum, víðavangshlaupi og fleiru af því tagi. Róbert Petersen hafði hvatt þessa krakka áfram og bent þeim á að koma til Fáks með hugmyndina og fá stuðning frá æskulýðsdeildinni og félaginu. Við vorum himinlifandi að sjá þau, þessi hópur hefur verið of lítill inni í skipulögðu starfi deildarinnar og góð samvinna hófst strax með þessum kjarnakrökkum og héldu þau til að mynda smalamót í Reiðhöllinni í Víðidal einn sunnudaginn í vor. Vonumst við að sjálfsögðu til að sjá þau eflast á næstu misserum og mun deildin styðja tryggilega við bakið á þeim í þeirra verkefnum.

Að lokum vill æskulýðsdeildin þakka krökkunum og fjölskyldum þeirra fyrir veturinn og við hefjum komandi starfsár með jákvæðni og ferskleika og vonast til að sjá stóran hóp barna og unglunga sækja viðburði og námskeið deildarinnar. Í vetur ætlum við að vera öflug í starfinu, kynnast vel og standa þétt saman í okkar verkefnum, allt frá því að efla okkur sem hestafólk, þetta félagsandann eða verða flottur hópur á Landsmóti hestamanna 2010, sem og á öðrum mótum komandi árs. Áfram Fákur!

Í æskulýðsdeildinni starfsárið 2008-2009 störfuðu:

Hilda Karen Garðarsdóttir, formaður
Anna Birna Snæbjörnsdóttir, ritari
Matthildur Magnúsdóttir, gjaldkeri
Helga Jóna Þórunnardóttir

Gitte Nørgaard
Guðlaug Guðjónsdóttir